



SUÐURNESJABÆR

Suðurnesjabæ, 19. desember 2019  
1902075 JKH

00.0

Alþingi  
Nefndarsvið  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun 2020-2024, 434. mál.

Eftirfarandi er umsögn bæjarráðs Suðurnesjabæjar um tillögu til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun, 434. mál:

### **Vegamál:**

Það eru sameiginlegir hagsmunir allra landsmanna og að tvöföldun Reykjanesbrautar sé lokið fljótt og vel alveg frá Hafnarfirði og að Rósaselstorgi í Suðurnesjabæ. Bæjarráð lýsir vonbrigðum með að í drögum að samgönguáætlun sé ekki gert ráð fyrir að ljúka tvöföldun Reykjanesbrautar fyrr en á tímabilinu 2025-2029.

Byggja þarf upp veginn milli Garðs og Sandgerðis í Suðurnesjabæ, sem ber ekki alla þá umferð sem um hann fer. Þetta verkefni verði í forgangi til að tryggja uppbyggingu og framgang í nýju sveitarfélagi og auka umferðaröryggi.

Þá er nauðsynlegt að ráðast í löngu tímabærar viðhaldsframkvæmdir á þjóðvegum að byggðakjörnum í Suðurnesjabæ.

Bæjarráð bendir á að ljúka þarf við síðasta áfangann í endurbyggingu Strandgötu í Sandgerði.

Þá er mikilvægt að Flugstöð Leifs Eiríkssonar, sem er innan sveitarfélagsins, sé tengd byggðinni í Sandgerði og Garði með göngu- og hjólréiðastíg

### **Sjóvarnir**

Mikilvægt er að heildstætt mat fari fram á sjóvörnum með allri strandlengju Suðurnesjabæjar. Vegna loftslagsbreytinga er áætlað að sjávarstaða muni hækka til framtíðar og því nauðsynlegt að meta ástand sjóvarna og vinna áætlun um úrbætur.



SUÐURNESJABÆR

### **Hafnamál**

Bæjarráð leggur áherslu á að hraðað verði rannsóknum á innsiglingu Sandgerðishafnar. Jafnframt að lagt verði mat á ástand Suðurgarðs. Tryggja þarf að Sandgerðishöfn geti staðið undir hlutverki sínu sem önnur af tveimur fiskihöfnum á Suðurnesjum til framtíðar.

### **Almenningssamgöngur**

Tryggja þarf að almenningssamgöngur séu raunhæfur kostur fyrir íbúa Suðurnesjabæjar.

Virðingarfyllt

  
Magnús Stefánsson  
bæjarstjóri